



## Mesta ávöxtun hlutabréfamarkaðarins eftir hrun

Íslenski hlutabréfamarkaðurinn hækkaði um 3,9% í desember en hækkanir urðu á öllum hlutabréfamörkuðum helstu viðskiptalanda Íslands í mánuðinum. Sé litið yfir árið í heild varð góð ávöxtun á markaðnum hér heima, eða 40,2%, og var það hæsta ávöxtunin meðal helstu viðskiptalanda Íslands. Þetta var jafnframt hæsta ávöxtun íslenska markaðarins yfir heilt ár eftir hrun. Næstmesta ávöxtunin eftir hrun var 2015 þegar hún mældist 38%.

Sé litið til verðþróunar einstakra félaga á OMX-markaðnum í kauphöllinni hækkaði Icelandair Group mest í desember, eða um 13,8%. Næstmest hækkaði Origo, eða 8,3%, og þriðja var Marel með 5,8% hækkun. Þar á eftir komu Eimskip (5,2%), Eik fasteignafélag (5,1%), Reginn (5,1%), Vís (4,6%), Skeljungur (4,4%), Sjóvá-Almennar (4,4%), Arion banki (3,8%), Festi (3,7%), Hagar (3,1%), Reitir fasteignafélag (3,0%), Íslandsbanki (2,6%), Síldarvinnslan (1,8%), Síminn (1,7%), Sýn (1,6%) og Kvika banki (0,8%).


### Verð hlutabréfa Arion banka og Eimskips tvöfaldaðist á síðasta ári

Sé horft á 12 mánaða ávöxtun einstakra félaga var hún mjög misjöfn á síðasta ári. Hlutabréf allra félaga í kauphöllinni hækkuðu þó í verði. Hlutabréf í Arion banka hækkuðu um rúmlega 100% en skammt þar á eftir kom Eimskip með 95,7%. Hækkanir á Eimskip má m.a. rekja til þess að miklar hækkanir á verði gámaflutninga hafa stutt við rekstur félagsins. Þriðja mesta verðhækkunin á síðasta ári var í Origo sem hækkaði um rúmlega 80%. Marel hækkaði minnst, eða 10,9%. Þar á eftir kom Icelandair Group með 11% og Hagar með 12,3%.


### Íslenski markaðurinn hækkaði um 3,9% í desember

Íslenski markaðurinn hækkaði um 3,9% í desember samkvæmt heildarvísitölu OMX.<sup>1</sup> Sé litið til hlutabréfamarkaða helstu viðskiptalanda Íslands var hækkun á þeim öllum. Mest var hækkunin í Frakklandi, eða 5,9%. Þar á eftir kom Svíþjóð með 5,2% hækkun og Finnland með 4,9% hækkun.

Ávöxtun hlutabréfa í desember



12 mánaða ávöxtun hlutabréfa



<sup>1</sup> Iceland All-share Total Return (OMXGI)



Hækkun var minnst í Noregi, eða 0,7%, en þar á eftir kom Kína með 2,1%. Í þriðja lægsta sæti var síðan Kanada með 3,1%.


### Íslenski markaðurinn hækkaði mest á síðasta ári

Sé litið til þessara sömu markaða sést að hækkunin var mest hér á landi, eða rúmlega 40%. Hún var næsthæst í Svíþjóð, eða 35%, en þar á eftir komu Bandaríkin með 26,9%. Minnsta hækkunin var í Asíulöndunum, Kína og Japan. Hækkunin í Kína var 4,8% en öllu meiri í Japan, eða 10,4%. Þriðja minnsta hækkunin var síðan í Þýskalandi, eða 14%. Hækkunin á Norðurlöndunum utan Íslands var á bilinu 18,3-35% á síðasta ári en hækkunin var minnst í Finnlandi, eða 18,3%.

### Mesta verðhækkun hlutabréfamarkaðarins eftir hrun


Þessi verðhækkun hér á landi var sú mesta eftir hrun en næstmesta hækkunin var 38% árið 2015. Meðalhækkun hlutabréfamarkaðarins hér heima frá og með árinu 2009 hefur verið 12,3% og var hækkunin í fyrra því langt yfir þeirri hækkun. Frá hruni hafa komið þrjú ár þar sem markaðurinn lækkaði en það eru árin 2009, 2016 og 2018. Mesta lækkingin var árið 2009, þegar hún nam 14,7%, en verðlækkingin lá síðan á bilinu 5,6-6,7% árin 2016 og 2018. Vísitala sem mælir verðbreytingar alls markaðarins hér á landi nær aftur til ársins 1992. Sé miðað við þann tímamark er þónokkur fjöldi ára þar sem verðhækkningar voru meiri en í fyrra. Þannig urðu á bilinu 44,5-60,9% verðhækkningar á árunum 2003-2005. Árið 1996 var einnig mikil hækkun, eða 60,5%, sem og árið 1999, eða 44,3%, en þá var tæknibólan í heiminum í algleymingi. Mesta verðlækkingin varð síðan árið 2008 þegar markaðurinn féll um 90% en það er með mestu verðlækkingunum á hlutabréfamörkuðum í sögunni. Meginsagan á bak við þá lækkingu er að stóru viðskiptabankarnir þrír, sem vógu mjög þungt í vísitölunni, urðu gjaldþrota árið 2008 og hlutabréf þeirra þar með verðlaus.

### Ávöxtun hlutabréfamarkaða í desember




Heimild: Macrobond

### 12 mánaða ávöxtun hlutabréfamarkaða



Heimild: Macrobond

### Ávöxtun hlutabréfamarkaðarins á Íslandi



Heimild: Macrobond



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. ([hagfraedideild@landsbankinn.is](mailto:hagfraedideild@landsbankinn.is)) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.